

Fundargerð

20. fundur samvinnunefndar um svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins var haldinn föstudaginn 23. október 2009 kl. 13:30 að Borgartúni 12 – 14, í fundarsal á 7. hæð, austurenda.

Mættir:

Reykjavíkurborg:

Júlíus Vífill Ingvarsson, Sóley Tómasdóttir

Kópavogsbær:

Ómar Stefánsson

Hafnarfjarðarbær:

Gísli Valdimarsson, Rósa Guðbjartsdóttir

Garðabær:

Stefán Konráðsson, Eyþór R. Þórhallsson, Arinbjörn Vilhjálmsson

Mosfellsbær:

Haraldur Sverrisson

Seltjarnarnesbær:

Ólafur Egilsson, Stefán Bergmann

Sveitarfélagið Álftanes:

Kristinn Guðlaugsson, Kristinn Guðmundsson

Frá Skipulagsstofnun:

Hafdís Hafliðadóttir

Ennfremur sátu fundinn Páll Guðjónsson framkvæmdastjóri SSH og Haraldur Sigurðsson frá skipulags- og byggingasviði Reykjavíkurborgar.

Formaður nefndarinnar, Júlíus Vífill Ingvarsson setti fund og bauð tvo nýja nefndarmenn velkomna til starfa í nefndinni, þáu Solýju Tómasdóttur og Ómar Stefánsson

Síðan var gengið til dagskrár fundarins:

1. Fundargerð síðasta fundar.

Fundargerðin samþykkt án athugasemda. Formaður upplýsiti undir þessum lið að frá síðasta fundi nefndarinnar hafi framkvæmdanefnd fundað tvisvar sinnum en fundrgerðir þeirra funda lágu ekki fyrir.

Samvinnunefnd um svæðisskipulag á höfuðborgarsvæðinu

2. **Skipan fulltrúa í framkvæmdanefnd í stað Svandísar Svavarsdóttur**
Samþykkt að Sóley Tómasdóttir taki sæti Svandísar Svavarsdóttur í framkvæmdanefnd samvinnunefndarinnar.
3. **Skýrsla Verkís: „Svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins 2001 -2024: Þróun byggðar og skipulagstölur“**
Prentuðu eintaki skýrslunnar var dreift til fundarmannan, en rafrænt eintak var sent með fundargögnum. Samvinnunefndin fékk ítarlega kynningu á helstu efnispáttum skýrslunnar á síðasta fundi nefndarinnar 5. júní sl.
Umræður
Eftirfarandi samþykkt:
 - a) Samþykkt að skýrslunni verði dreift til skipulagsnefnda aðildarsveitarfélaganna og formanni eða framkvæmdastjóra SSH falið að annast kynningu hennar gagnvart fjölmiðlum.
 - b) Framkvæmdanefnd samvinnunefndarinnar falið að skoða næstu skref varðandi endurskoðun svæðisskipulagsins og leggja fram tillögur til samvinnunefndarinnar á næsta fundi hennar.
4. **„Græni stígurinn“ – ósk Skógræktarfélags Íslands um formlega stöðu stígsins í svæðisskipulagi og aðalskipulagi sveitarfélaganna – ályktun stjórnar SSH**
Fyrir fundinum lá erindi Skógræktarfélags Íslands til SSH frá 1. október varðandi formlega stöðu „Græna stígsins“ í svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins, sl. ásamt samþykktum stjórnar SSH um málið 30. mars og 5. október 2009.
Niðurstaða:
Samvinnunefndin fellst á tilmæli stjórnar SSH frá 30. mars 2009 og beinir því til aðildarsveitarfélaganna að taka tillit til málsins við alla vinnu þeirra við endurskoðun á aðalskipulagi viðkomandi sveitarfélags.
5. **Erindi Arkitektafélags Íslands um „borgarþróunarstofu“**
Vísað til framkvæmdanefndar til frekari skoðunar.
6. **Erindi v, breytinga á svæðisskipulagi:**
Frá Reykjavíkurborg:
 - a) Álfsnes - Sorpa; Matslýsing vegna verulegrar breytingar á svæðisskipulaginu.
 - b) Álfsnes – iðnaðarhöfn; matslýsing vegna verulegrar breytingar á svæðisskipulaginu.

Haraldur Sigurðsson fór yfir og kynnti þessi mál.

Umræður.

Afgreiðslu frestað.

**Samvinnunefnd um svæðisskipulag
á höfuðborgarsvæðinu**

7. Minnisblað frá framkvæmdastjóra SSH v. reksturs samvinnunefndar.
Lagt fram minnisblað framkvæmdastjóra SSH vegna kostnaðar við rekstur samvinnunefndarinnar og fjárhagsáætlunar fyrir nefndina.
 - Málinu vísað til framkvæmdanefndar til úrvinnslu.
8. Önnur mál.
 - a) **Mosfellsbær – óveruleg breyting á svæðisskipulagi.**
Haraldur Sverisson gerðir grein fyrir áformum Mosfellsbæjar um óverulega breytingu á svæðisskipulagi vegna breyttrar landnotkunar á Tungumelum í tengslum við staðsetningu einkasjúkrahúss